

Hljóðfræði

- Hljóð skiptast í sérhljóð og samhljóð.



Sérhljóðar



- Einhljóð (hægt að segja án þess að hreyfa talfærin): í, i, e, ú, o, a, u, ö
- Tvíhljóð (ekki hægt að segja tvíhljóðin án þess að hreyfa talfærin): á, ó, æ, ei/ey, au



Samhljóðar

Lokhljóð: (lokað fyrir loftstraum í munni)

p, b, t, d, k, kj, g, gj

Önghljóð: (þrengt að loftstraumi í munni)

f, v, ð, þ, s, j, hj, g, h


Nefhljóð: (loft fer út um nef) m, n,

Hliðarhljóð: (loftstraumur fer til hliðar við tungu) l

Sveifluhljóð: (tungubroddur sveiflast við tannberg) r



Hljóðbreytingar



i-hljóðvörp:

e - i	verð - virði
a - e	vani - venja
á - æ	þráður - þræðir
ó - œ	fór - færi
o - y	sonur - synir
u - y	þunnur - þynnri
ju - y	bjuggum - byggi
ú - ý	mús - mýs
jú - ý	djúpur - dýpi
jó - ý	ljós - lýsa
au - ey	raun - reyna

u-hljóðvarp:

a - ö	kalla - köllum
a - u	sumar - sumur

klofning:

e klofnar í ja eða jö
eta - jata
ferð - fjörður



Hljóðbreytingar

hljóðskipti:

1) í - ei - i - i

bíta-beit-bitum-bitið

2) jó, jú, ú - au - u - o

bjóða-bauð-buðum-boðið

fljúga-flaug-flugum-flogið

3) e, i - a - u - o

bresta-brast-brustum-brostið

4) e, o - a - á - u, o

nema-nam-námum-numið

sofa-svaf-sváfum-sofið

5) e, i - a - á - e


gefa-gaf-gáfum-gefið

6) a - ó - ó - a, e

fara-fór-fórum-farið

7) á - ó

rámur-rómur



Orðmyndun



Rót

Kjarni orðsins. Rót er alltaf eitt atkvæði, hún getur verið sjálfstætt orð en oftast er einhverju bætt við hana. Í rót geta átt sér stað hljóðbreytingar.

Dæmi: far-a, fer-ð, för



Orðmyndun


Forskeyti

Forskeyti er orðhluti sem skeytt er fyrir framan við rótina til að mynda ný orð.


Forskeyti er alltaf eitt atkvæði.

Helstu forskeyti í íslensku eru: al-, and-, mis-, ó-, van-, tor-, ör-.

Dæmi: alvís, andvaka, misstór, óþekkur, vannærður, torveldur, örsmár.



Orðmyndun



Viðskeyti

Viðskeyti er orðhluti sem skeytt er aftan við rót til að mynda ný orð.

Rót og viðskeyti mynda stofn orða.

Dæmi: kenn-sl-a, kenn-ar-i, gef-and-i o.fl.



Orðmyndun



Stofn orða:

Stofn er sá hluti orðs sem er sameiginlegur í öllum myndum orðsins. Hljóðbreytingar geta átt sér stað í stofni. Stofn má aldrei enda á sérhljóða. **Stofn er samsettur úr rót og viðskeyti.**


Stofn nafnorða finnst í þf. (um hest) (um bolt)

Stofn lýsingarorða finnst í kvk.et.nf. (hún er skemmtileg)

Stofn sagnorða finnst í nafnhætti (að lær)



Orðmyndun



Beygingaending

Beygingaending er sá hluti sem bætist við stofn til að sýna mismunandi beygingamyndir orða. Beygingarending er sá hluti orðsins sem breytist þegar orðið er beygt.

Dæmi: hest-ur, himin-n, skemmtileg-ur, lær-a, les-um.




Samsett orð

Stofnsamsetning:

Fyrri liður samsetta orðsins er stofn
fallorða, sagnorða eða smáorð.

Dæmi: dagblað, lærdómur, meðbyr.




Samsett orð

Eignafallssamsetning:

Fyrri liður samsetta orðsins er í eignarfalli eintölu eða eignarfalli fleirtölu.

Dæmi: sólarhringur, mánaðamót.



Samsett orð



Bandstafs-eða tengistafssamsetning:

Milli fyrri og seinni liðs samsetta orðsins er skotið inn bandstaf (tengistaf), -i-, -u-, -s-.

Dæmi: fisk-i-maður, ráð-u-natur, leikfimi-s-hús.



Staðbundinn framburður




Harðmæli:

Víða á Norður- og Norðausturlandi eru lokhljóð hörð og fráblásin milli tveggja sérhljóða (p-t-k borin fram sem p-t-k, ekki sem b-d-g eins og hér sunnanlands).

Dæmi: tapa (taba) - læti (lædi) - ríki (rígi)





Staðbundinn framburður

Raddaður framburður á undan

p, t, k:

Í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum
er víða raddaður framburður,

l - m - n eru borin fram rödduð ef á
eftir fer p - t - k

Dæmi: stúlka, heimta, vanta, hanki






Staðbundinn framburður

Hv - framburður:

Víða um suðaustan- og austanvert land er hv borið fram sem hv en ekki sem kv eins og víðast annars staðar. (Hv-framburður felur í sér að borið er fram uppgómmælt öngljóð.)

Dæmi: hver, hveiti, hvalur





Staðbundinn framburður

- **Skaftfellskur einhljóðaframburður:**
Í Skaftafellssýslum er borið fram langt einhljóð á undan gi (þ.e. stafsetningin er gi en framburðurinn er ji.
Dæmi: magi (ma-ji), bogi (bo-ji))





Staðbundinn framburður

Vestfirskur einhljóðaframburður:

Á Vestfjörðum er algengt að borið sé fram einhljóð á undan -ng og -nk (orðin borin fram eins og þau eru rituð) en ekki breiður sérhljóði eða tvíhljóð eins og annars staðar á landinu.

Dæmi: langur, lengi, löng

